

Reykjavík þann. 30. 09. 2011

Kl. 20:00

Fundargerð TKÍ

Mættir úr stjórn TKÍ eru:

Ágúst Örn Guðmundsson (Á), Erna Héðinsdóttir (E), Hulda Rún Bertudóttir (H), Richard Már Jónsson (R), Sigríður Stefanía Hlynsdóttir (S)

Varamenn

Arnar Bragason (B),

## 1. Daedo pöntun

Nokkur atriði (item) hjá Daedo eru ekki til og þarf því að velja nýja hluti í staðinn. Þurfum að skipta um töskur, peysur/boli og upphitunargalla.

Verður gert og pöntunin send út (Arnar)

## 2. Landslið í Kyorugi

Arnar er tilbúinn að hjálpa Meisam við skipulag á landsliði í sparring. Úrtökur, æfingar og skipulag.

Keppni erlendis: Við skráningar á mót þurfa keppendur að vera búnir að kaupa miða í flug áður en skráð er á mót og sýna gjaldkera TKÍ kvittun fyrir kaupum til þess að hægt sé að bóka hótél og slíkt. Miðað við 30 daga fyrir mót eða a.m.k. viku fyrir skráningarfrest á mótið sé það lengra en 30 dagar.

## 3. Poomsae Íslandsmeistaramót

TKÍ þarf að gefa út keppnisleyfi.

Skráningar í Felix þurfa að vera í lagi og félögin að senda okkur lista úr Felix yfir þá keppendur sem hyggjast keppa.

Tilmæli til félags (Ármanns) að skráningarfrestur sé a.m.k. tveim vikum fyrir mót.

Búa til tékklista sem verður sent á félagið viku fyrir mót. (Sigga og Hulda).

Verðlaun: Félagið sér um verðlaunapeninga/gripi en TKÍ fyrir farandbikar fyrir félag mótsins. (Eign e. 5 ár í sama félag).

Leitast verður eftir að skipta í karla og kvennaflokka þar sem við á og að fulltrúi stjórnar sé með í skipulagi móts (Sigga)

#### **4. Styrkumsóknir**

Það þarf að gera skýrar verklagsreglur um styrki.

Einstaklingar þurfa að skila inn kvittunum og/eða fjárhagsáætlunum og setja skýrt fram í hvaða verkefni eða búnað styrkurinn á að fara.

Það sama gildir um einstaklinga sem eru að keppa erlendis, þeir leggja sjálfir út fyrir flugfari og sækja síðan um styrk fyrir hluta kostnaðar og leggja fram kvittanir fyrir kostnaði.

#### **5. Önnur mál**

##### **5.1 Nefskattur félaga**

Þarf að vera greiddur til TKÍ áður en keppnisleyfi á Íslandsmeistaramót verða gefin út og það er á ábyrgð félaga að iðkandinn sé skuldlaus við sitt félag.

Fundi slitið 20:15